

64. fundur dómara nefndar

Mætt: Jón Hjaltason, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. Elsa María Guðmundsdóttir er viðstödd í gegnum Skype.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með örlitlum breytingum.

1. Námskeið fyrir mótstjóra

Spurt hefur verið hvort dómara nefnd sé tilbúin að taka að sér námskeið fyrir mótstjóra. Bent hefur verið á að nota þá krafta sem til eru innan sundhreyfingarinnar. Rætt var um að nota vottaða mótstjóra á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum. Tækninefndir sitja um þessi störf almennt. Handbók er til frá USA swimming um mótstjórn sem hægt er að styðjast við til að móta námskeiðið. Fyrir næsta fund væri ágætt að leita upplýsinga um mótstjórnun. Þá er hægt að vinna úr þeim upplýsingum.

2. Röðun á dómara námskeiðum vetrarins

Bent er á síðustu fundargerð. Þar var áætlað námskeið í lok október. Sá dagur er liðinn og námskeið var ekki haldið. Stefnt er að næsta námskeiði miðvikudaginn 23. nóvember í tengslum við Fjölnismótið. Vitað er um nokkra einstaklinga sem óskað hafa eftir námskeiði. Næstu námskeið þar á eftir eru áætluð:

Miðvikudaginn 8. febrúar 2017

Fimmtudaginn 2. mars 2017

Þá er stefnt að námskeiði 10. maí í tengslum við Landsbankamót ÍRB-mót.

Önnur mál

Viktoría segir frá því að allir dómara sem sátu dómara námskeið í haust séu útskrifaðir. Allir þeir dómara eru komnir inn á póstlista dómara nefndar og fá nú alla pósta. Ægiringar hafa verið mjög duglegir að melda inn sig á námskeið fyrir sunddómara.

Tvö mót eru um komandi helgi. Björn Valdimarsson segir frá því að Erlingsmótið sé um komandi helgi, búið sé að senda út beiðni til dómara. ÍRB eru að halda innanfélagsmót um sömu helgi. Þeir eru búnir að biðja um dómara á sitt mót. Enn eru mót að rekast á sem er miður.

Rætt hefur verið um skilgreiningar á sundmótum. Í stað þess að ræða um A-, B-, C -, D-mót má ræða um gul, rauð, græn og blá mót.

Sigurður Óli bendir á að síðustu fundargerðir dómaranefndar séu komnar inn á netið á heimasíðu SSÍ. Reglugerðin nýjasta er ekki komin inn á síðuna. Þá er rætt um að verið sé að laga til í eyðublaðabunkanum. Rætt um að SÓG sendi þessi skjöl á dómaranefndina svo hægt sé að fara yfir þau áður en þau verða send út.

Jón Hjaltason segir frá því að á ÍM50 í apríl 2017 verði endurmenntun fyrir dómara. Haraldur Hreggviðsson mun segja frá dómgæslu og öllum umbúnaði á HM25 í Windsor í Kanada sem haldið verður í desember 2016.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir